

## **Fundur í stjórn foreldrafélagsins haldinn á Álfasteini 8. september 2011 kl. 16.10.**

Mættar: Helga, Rachel, Andrea, Ásdís, Hugrún og Halla sem ritar fundargerð.

1. Hugrún hóf fundinn á því að sýna okkur auglýsingu frá Sinfóníu hljómsveit Norðurlands um sýningu í Hofi um Maxímús Músíkús og ævintýri hans. Sýningin verður 2. október og kostar miðinn 1500 kr.
2. Ákveðið að stjórn foreldrafélagsins beri fram tillögu á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn verður 3. október nk. um að hækka framlag foreldra í foreldrafélagið um 100 kr á mánuði (úr 400 kr á mánuði í 500 kr).
3. Rætt um fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Sú hugmynd kom fram að stofna reikning hjá Endurvinnslunni og þá geta foreldrar lagt dósapening inn á þann reikning. Þetta verður kynnt á aðalfundi.
4. Hugrún greindi frá því að Jón Þór Benediktsson hefur gert leikskólanum tilboð um rútuferðir og er kostnaðurinn 13000 kr á ferð.
5. Mikil ánægja er með grænmetisgarðinn sem unnin var á vorhátíðinni í júní. Stefnt að því að halda áfram með hann. Einnig ánægja með sölu á listaverkum nemenda á vorhátíðinni en með henni næst um það bil að fjármagna ferð í Sundlaugargarðinn.
6. Helga greindi frá því að hún ætlar að hætta sem formaður í stjórn foreldrafélagsins. Nýr fulltrúi í stjórn verður kosinn á næsta aðalfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.